



Einkaleyfastofan

Lindargötu 9 — 150 Reykjavík — Sími 609450

Faktor Company
Pósthólf 678
121 Reykjavík

Tilv. yðar:
Tilv. vor: 430-91/41

Dags. 27.11.1991

MÁL:

Andmæli G. H. Sigurgeirsson, f.h. MITA INDUSTRIAL CO., LTD.,
2-28, 1- chome, Tamatsukuri, Higashi-ku, Osaka, Japan

gegn

skráningu vörumerkisins **MITAC**, sbr. umsókn nr. 41/1990, frá Faktor
Company í nafni MITAC INC., No. 585, Ming Sheng East Road, Taipei,
Taiwan, Lýðveldinu Kína.

ÁKVÖRÐUN VÖRUMERKJASKRÁRRITARA

MÁLSATVIK:

Hinn 24.01.1990 tilkynnti Faktor Company til skráningar vörumerkið
MITAC. Umsóknin er nr. 41/1990. Óskað var skráningar í flokk nr. 9,
fyrir tölvur, bakskautslampa, myndlampa, diskadrif, lyklaborð, hugbúnað,
forrit, gagnakort og mýs, og í flokk nr. 16, fyrir ritvélar, prentara og
skrifstofutæki. Vörumerkið var samþykkt til skráningar og birt í
Vörumerkja- og einkaleyfatíðindum þann 23.11.1990.

Með bréfi dags. 18.01.1991 andmælti G. H. Sigurgeirsson, skráningu
vörumerkisins f.h. MITA INDUSTRIAL, LTD., 2-28, 1- chome,
Tamatsukuri, Higashi-ku, Osaka, Japan.

Andmælin eru byggð á ruglingshættu við vörumerki andmælanda, **MITA**, sbr. skráningu nr. 367/1986, fyrir vörur í flokkum nr. 1, 9 og 16, og skráningu nr. 861/1990, fyrir vörur í flokki nr. 9. Telur andmælandi að hér eigi ótvírætt við 6. gr. og 2. og 6. tl. 14. gr. vörumerkjalaga nr. 47/1968 og hugsanlega 1. mgr. 13. gr. sl.

Andmælin voru gerð tilkynnanda kunnug með bréfi dags. 18.01.1991 og honum gefinn kostur á að koma fram með athugasemdir. Hinn 11.09.1991 var tilkynnanda sent bréf á ný og honum gefinn lokafrestur til 11.10.1991 til þess að koma fram með greinargerð í málinu, að þeim tíma liðnum yrði málið tekið til úrskurðar á grundvelli fyrirbyggjandi gagna. Engar athugasemdir hafa borist frá tilkynnanda.

NIÐURSTAÐA:

Andmælin eru borin fram innan tilskilins frests og eru því lögmæt.

Andmælt er skráningu vörumerkisins **MITAC**, sbr. umsókn nr. 41/1990, fyrir vörur í flokki nr. 9. og 16. Andmælandi er eigandi vörumerkisins **MITA** skv. skráningu nr. 367/1986, fyrir vörur í flokkum nr. 1, 9 og 16, og skráningu nr. 861/1990, fyrir vörur í flokki nr. 9.

Bæði vörumerkin eru orð- og myndmerki.

Hér er um að ræða vörur er taka til sömu vöruflokka, þ.e. flokka nr. 9 og 16. Telja verður að vörulíking sé til staðar.

Ef einungis er litið á orðin í viðkomandi merkjum eru þau lík, einungis skeikar einum staf. Hinsvegar er það alltaf heildarmynd vörumerkisins sem úrslitum ræður þegar meta skal hvort vörumerkin séu það lík að það kunni að valda ruglingshættu hjá almenningi.

Þegar litið er á vörumerkin í heild sinni verður að telja þau það ólík að ruglingshætta sé ekki til staðar, skv. 2. og 6. tl 1. mgr. 14. gr. laga nr. 47/1968 um vörumerki.

Ekki verður talið að 1. mgr. 13. gr. laga nr. 47/1968 um vörumerki eigi við hér.

ÞVÍ ÁKVARÐAST:

Skráning vörumerkis skv.umsókn nr. 41/1990 er heimiluð.

Ellý K.J. Guðmundsdóttir lögfr.

Afrit sent til:
G.H. Sigurgeirsson
Pósthólf 1337
121 Reykjavík